




DÓMSTÓLARÁÐ

ÁRSSKÝRSLA DÓMSTÓLARÁÐS OG HÉRAÐSDÓMSTÓLANNA

Árið 2016

Dómstólaráð

Reykjavík, september 2017



FORMÁLI

Dómstólaráð hefur tekið saman meðfylgjandi ársskýrslu um starfsemi ráðsins og héraðsdómstólanna fyrir árið 2016 í samræmi við 2. mgr. 14. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Í skýrslunni er að finna helstu upplýsingar um starfsemi dómstólaráðs og héraðsdómstólanna á árinu ásamt upplýsingum um fjölda dómsmála eftir tegundum þeirra og málsmeðferðartíma. Þá gera dómstjórar hvers héraðsdómstóls um sig grein fyrir starfseminni á árinu, þróun málafjölda og málsmeðferðartíma. Heildarfjöldi innkominna mála hjá dómstólum hefur fækkað milli ára. Athugun á fjölda þeirra mála sem bíða afgreiðslu dómstólanna í lok árs 2016 sýnir að vel hefur gengið að vinna í þeim málum sem til dómstólanna hafa borist. Meðalmálsmeðferðartími munnlega flutts einkamáls hefur hins vegar lengst á milli ára, var 364 dagar á árinu 2015 en er 386 dagar á árinu 2016. Meðalmálsmeðferðartími ákærumáls hefur styst á milli ára, var 89 dagar á árinu 2015 en 80 dagar á árinu 2016. Launakostnaður sérfróðra meðdómsmanna vegur sífellt þyngra í heildarrekstrarútgjöldum dómstólanna. Hlutfall launakostnaðar sérfróðra meðdómsmanna hefur aukist jafnt og þétt á liðnum árum eða frá því að vera um 4% af heildarútgjöldum héraðsdómstólanna á árinu 2008 í um 7% á árinu 2016 sem er ákveðin vísbending um að mál, sem berast dómstólunum og eru það flókin úrlausnar að sérkunnáttu er þörf til þess að leysa þau, eru sífellt fleiri.

Formannsskipti urðu hjá dómstólaráði á árinu er Jón Höskuldsson var kjörinn formaður í kjölfar þess að Símon Sigvaldason lét af embætti sem ráðsmaður dómstólaráðs 13. maí 2016. Ný vefsíða dómstólaráðs og héraðsdómstólanna var formlega tekin í notkun um miðjan maímánuð en við smíði hennar var haft að leiðarljósi að bæta virkni dómaleitarvélar og þjónustu við notendur hennar, m.a. með því að bjóða upp á vöktun á dagskrá héraðsdómstólanna. Við hönnun vefsins var haft samráð við Hæstarétt Íslands og lögð áhersla á það að vefirnir væru með sambærilegt viðmót til hagræðis fyrir notendur.

Reykjavík 12. september 2017

Ólöf Finnsdóttir
framkvæmdastjóri

Jón Höskuldsson
formaður

EFNISYFIRLIT

Formáli	1
Dómstólaráð - almennar upplýsingar	5
Starfsemi og hlutverk dómstólaráðs.....	5
Ráðsmenn á árinu 2016	5
Starfsmenn ráðsins	6
Fjármál	6
Helstu verkefni dómstólaráðs á árinu 2016	8
Fagráð um endurmenntun dómara	10
SEND	11
Human Rights Education For Legal Professionals (HELP)	11
Starfsdagur dómstólanna.....	11
Ráðstefna danska dómstólaráðsins og Hæstaréttar um traust til dómstóla. .	12
Sérfróðir meðdómsmenn	12
Héraðsdómstólar	13
Kynning embætta, staðsetning, stærð og tölulegar upplýsingar	13
Fjöldi stöðugilda héraðsdómstólanna.....	13
Héraðsdómur Reykjavíkur	14
Héraðsdómur Vesturlands.....	17
Héraðsdómur Vestfjarða.....	20
Héraðsdómur Norðurlands vestra.....	23
Héraðsdómur Norðurlands eystra.....	26
Héraðsdómur Austurlands	29
Héraðsdómur Suðurlands.....	32
Héraðsdómur Reykjaness	35
Héraðsdómstólar í tölum	39
Fjöldi dómsmála á árinu 2016 og samanburður milli ára	40
Fjöldi mála eftir málaflokkum	43
Munnlega flutt einkamál.....	43
Sakamál og sundurliðun ákærumála	49

Ágreiningsmál vegna gjaldþrotaskipta	54
Gjaldþrotaúrskurðir.....	55
Gjaldþrotaskiptabeiðnir	56
Rannsóknarúrskurðir	57

Myndayfirlit

Mynd 1. Hlutfallsleg skipting útgjalda héraðsdómstólanna 2016	7
Mynd 2. Hlutfallsleg skipting rekstargjalda milli héraðsdómstólanna og dómstólaráðs 2016	8
Mynd 3. Þróun ákærumála hjá HDR árin 2000-2016	15
Mynd 4. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDR árin 2000-2016	16
Mynd 5. Þróun ákærumála hjá HDVL árin 2000-2016	18
Mynd 6. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDVL árin 2000-2016	19
Mynd 7. Þróun ákærumála hjá HDVF árin 2000-2016	21
Mynd 8. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDVF árin 2000-2016	22
Mynd 9. Þróun ákærumála hjá HDNV árin 2000-2016	24
Mynd 10. Þróun munnlegra fluttra einkamála hjá HDNV árin 2000-2016	25
Mynd 11. Þróun ákærumála hjá HDNE árin 2000-2016	27
Mynd 12. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDNE árin 2000-2016	28
Mynd 13. Þróun ákærumála hjá HDA árin 2000-2016	30
Mynd 14. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDA árin 2000-2016	31
Mynd 15. Þróun ákærumála hjá HDS árin 2000-2016	33
Mynd 16. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDS árin 2000-2016	34
Mynd 17. Þróun ákærumála hjá HDRN árin 2000-2016	37
Mynd 18. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDRN árin 2000-2016	38
Mynd 19. Fjöldi íbúa í umdæmi hvers héraðsdómstóls 2016	39
Mynd 21. Þróun heildarmálagjalda héraðsdómstólanna	41
Mynd 22. Þróun munnlega fluttra einkamála	43
Mynd 23. Lyktir og málsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála	44
Mynd 24. Málsmeðferðartími og afgreiðsla munnlegra fluttra einkamála 2000-2016	45
Mynd 25. Þróun fjölda skriflega fluttra einkamála	47
Mynd 26. Lyktir skriflega fluttra einkamála og málsmeðferðartími	48
Mynd 27. Þróun fjölda innkominna ákærumála	49
Mynd 28. Málsmeðferðartími og afgreiðsla ákærumála	51
Mynd 29. Lyktir ákærumála frá lögreglustjóra og málsmeðferðartími	52
Mynd 30. Lyktir ákærumála frá ríkissaksóknara og málsmeðferðartími	53
Mynd 31. Þróun fjölda ágreiningsmála vegna gjaldþrotaskipta	54
Mynd 32. Þróun fjölda gjaldþrotáúrskurða	55
Mynd 33. Þróun fjölda gjaldþrotaskiptabeiðna	56
Mynd 34. Þróun fjölda rannsóknarúrskurða	57

Töfluyfirlit

Tafla 1. Útgjaldaskipting héraðsdómstólanna 2016	6
Tafla 2. Rekstrargjöld héraðsdómstólanna og dómstólaráðs 2016	7
Tafla 3. Þróun dómsmálagjalda héraðsdómstólanna 2012-2016	Error! Bookmark not defined.
Tafla 4. Heildarfjöldi innkominna mála eftir dómstólum og tegundum árið 2016	42
Tafla 5. Tegund munnlega fluttra einkamála	46
Tafla 6. Fjöldi sakamála og sundurliðun ákærumála	50

DÓMSTÓLARÁÐ - ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Starfsemi og hlutverk dómstólaráðs

Helstu verkefni dómstólaráðs, samkvæmt lögum um dómstóla nr. 15/1998, eru að fara með ábyrgð á fjárreiðum héraðsdómstólanna, setja samræmdar reglur fyrir héraðsdómstólana, gera tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum héraðsdómstóla, ákveða fjölda dómara og annarra starfsmanna við hvern héraðsdómstól, safna upplýsingum um fjölda og afgreiðslu mála við dómstólana auk útgáfu ársskýrslu um starfsemi sína og héraðsdómstólanna. Almenn ber ráðinu að stuðla að því að gætt sé skilvirkni og hraða við rekstur dómsmála. Þá fer ráðið með forsvar héraðsdómstólanna sameiginlega gagnvart stjórnvöldum og öðrum. Dómstólaráði ber að skipuleggja endurmenntun dómara og löglærðra starfsmanna dómstólanna. Verkefni dómstólaráðs eru ekki tæmandi talin í dómstólalögunum en sem dæmi um önnur verkefni sem ráðið sinnir eru tölvu- og upplýsingamál héraðsdómstólanna og símenntun annarra starfsmanna en dómara og löglærðra aðstoðarmanna.

Ráðsmenn á árinu 2016

Í dómstólaráði eiga sæti fimm menn sem ráðherra skipar. Tveir eru kjörnir af héraðsdómurum, tveir eru kjörnir af dómstjórum við héraðsdómstólana úr þeirra hópi en einn ráðsmaður er skipaður af innanríkisráðherra án tilnefningar. Skipunartími í dómstólaráði er fimm ár og rennur skipunartími eins ráðsmanns út hvert ár. Þann 13. maí lét Símon Sigvaldason, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, af störfum sem formaður dómstólaráðs en hann var kjörinn fulltrúi dómara, varamaður hans var Hervör Þorvaldsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Jón Höskuldsson, dómari við Héraðsdóm Reykjaness, var kjörin nýr formaður, og kjörinn sem fulltrúi dómara, varamaður hans er Ingibjörg Þorsteinsdóttir, héraðsdómari við héraðsdóm Reykjavíkur, skipuð til 14. maí 2020. Aðrir ráðsmenn á árinu 2016 voru: Hervör Þorvaldsdóttir, fulltrúi dómara, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, varamaður hennar er Ragnheiður Harðadóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, skipaðar til 15. maí 2021. Hjörtur O. Aðalsteinsson, dómstjóri við Héraðsdóm Suðurlands, er fulltrúi dómstjóra, en varamaður hans er Halldór Halldórsson, dómstjóri Héraðsdóms Norðurlands vestra, skipaðir til 15. maí 2017. Hjörtur O. Aðalsteinsson hóf töku námsleyfis 1. september 2016 og fékk þá sömuleiðis leyfi frá störfum sínum fyrir dómstólaráð fram til 15. maí 2017. Halldór Halldórsson tók því sæti í ráðinu á námsleyfistíma Hjartar. Þorgeir Ingi Njálsson, dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness, er fulltrúi dómstjóra, en varamaður hans er Ingimundur Einarsson, dómstjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur, skipaðir til 30. júní 2018. Þórdís Ingadóttir, dósent við Háskólann í Reykjavík, er tilnefnd af ráðherra en varamaður hennar er Hrefna Friðriksdóttir, dósent við Háskóla Íslands. Þær eru skipaðar til 30. júní 2019.

Starfsmenn ráðsins

Hjá dómstólaráði starfa Ólöf Finnsdóttir, framkvæmdastjóri, Guðbjörg Anna Guðbjörnsdóttir, lögfræðingur, ráðin til afleysinga í fæðingarorlofi Söru Bjargar Sigurðardóttur, og Ásdís Birna Stefánsdóttir, prófarkalesari, en hún annast lestur fyrir aðra dómstóla en Héraðsdóm Reykjavíkur.

Fjármál

Dómstólaráð fer með ábyrgð á fjárreiðum héraðsdómstólanna og skiptir á milli þeirra fé sem þeim er veitt í einu lagi með fjárlögum.

Tafla 1. Útgjaldaskipting héraðsdómstólanna 2016


	Milljónir kr.
Laun ¹	1.512
Ferðir og fundir	13
Rekstrarvörur	20
Aðkeypt þjónusta ²	65
Húsnæði	124
Rekstrarkostnaður	8
Samtals	1.742

Á árinu 2016 nam heildarrekstur héraðsdómstólanna 1.742 m.kr. Í töflu 1 má sjá útgjaldaskiptingu dómstólanna fyrir árið 2016. Þar sést að langstærsti kostnaðarliðurinn af útgjöldum héraðsdómstólanna er launakostnaður eða um 86,8%. Næststærsti útgjaldaliður er húsnæðiskostnaður með 7,1% hlut af heildarútgjöldum. Rekstrarvörur standa í stað, eru 1,1% af heildarútgjöldum. Hlutfall aðkeyptrar þjónustu er 3,7% fyrir árið 2016 og rekstrarkostnaður er 0,5% af heildarrekstri.

¹Um er að ræða laun og launatengd gjöld starfsmanna dómstólanna og sérfróðra meðdómsmanna.

²Sem dæmi um liði sem falla undir aðkeypta þjónustu má nefna rekstur málaskrár, heimasíðu, hugbúnaðarleyfi, nettengingar, tölvuþjónustu og skjala- og öryggismál.

Mynd 1. Hlutfallsleg skipting útgjalda héraðdómstólanna 2016




Tafla 2. Rekstrargjöld héraðsdómstólanna og dómstólaráðs 2016

	Milljónir kr.
Dómstólaráð ³	93
Sérfróðir meðdómsmenn	115
Héraðsdómur Reykjavíkur	826
Héraðsdómur Vesturlands	58
Héraðsdómur Vestfjarða	48
Héraðsdómur Norðurlands vestra	40
Héraðsdómur Norðurlands eystra	94
Héraðsdómur Austurlands	43
Héraðsdómur Suðurlands	116
Héraðsdómur Reykjaness	309
Samtals	1.742

³Dómstólaráð sér um rekstur og umsýslu málaskrár fyrir héraðsdómstólana, grunnþjónustu vegna tölvumála, netföng, netaðgang og rekstur heimasíðu www.domstolar.is.

Mynd 2. Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda milli héraðsdómstólanna og dómstólaráðs 2016



Helstu verkefni dómstólaráðs á árinu 2016

Dómstólaráð hélt 13 fundi á árinu. Skrifstofa dómstólaráðs fékk til afgreiðslu samkvæmt bréfabók 514 erindi, sem einkum voru fyrirspurnir er varða starfsemi héraðsdómstólanna frá ráðuneytum, stofnunum, Alþingi, lögmannsstofum, einstaklingum og fjölmiðlum. Þess utan fékk skrifstofa ráðsins margvísleg símtöl, ábendingar og fyrirspurnir er vörðuðu starfsemi og starfsumhverfi dómstólaráðs og héraðsdómstólanna.

Ný vefsíða

Ný vefsíða dómstólanna var kynnt og formlega tekin í notkun af Ólöfu Nordal innanríkisráðherra að viðstöddum starfsmönnum og öðrum gestum í Safnahúsinu 13. maí 2016 eftir umfangsmikla undibúningsvinnu og þarfagreiningu í samvinnu við Hæstarétt Íslands. Markmiðið með smíði nýrrar vefsíðu var m.a. að koma upp öflugri dómaleitarvél og samræma notkun efnisorða héraðsdómstólanna og Hæstaréttar Íslands en ítrekað höfðu komið fram athugasemdir um takmarkaða

leitarmöguleika á síðu héraðsdómstólanna. Áhersla var lögð á það við hönnun vefsins að hann væri einfaldur, notendavænn, aðgengilegur og hraðvirkur. Þá var einnig stefnt að samræmingu í framsetningu birtra dóma á vefsíðunni og lögð áhersla á reifun máls til aukinna þæginga. Þjónusta við notendur var bætt til muna þar sem boðið var upp á vöktun á dagskrá og RSS-áskrift að efni.

Námsleyfi dómara - reglur dómstólaráðs

Dómstólaráð vann að reglum um námsleyfi dómara í samvinnu við Dómarafélag Íslands en reglurnar byggjast á ákvæði 20. gr. dómstólalaga og úrskurði og bókun kjararáðs frá 17. desember 2015 sem felur í sér verulega aukin réttindi dómara til símenntunar. Reglurnar voru samþykktar á fundi ráðsins 1. júlí 2016.

Starfsmenntunarsjóður dómara

Á grundvelli úrskurðar kjararáðs frá 17. desember 2015 var ákveðið að starfsmenntunarsjóður dómara tæki við eignum og skuldindingum endurmenntunarsjóðs dómara og ríkissaksóknara frá og með 1. janúar 2016. Innanríkisráðherra skipaði sjóðnum sérstaka þriggja manna stjórn þar sem einn tók sæti án tilnefningar, einn var tilnefndur af Hæstarétti og einn af dómstólaráði. Ólöf Finnsdóttir var tilnefnd af hálfu dómstólaráðs og tók hún sæti í stjórn sjóðsins ásamt þeim Arnari Þór Jónssyni, sem jafnframt var skipaður formaður, og Hjördísi Hákonardóttur.

Stjórnendabjálfun dómstjóra

Dómstólaráð bauð dómstjórum á stjórnendabjálfunarnámskeið á vegum Capacent. Námskeiðið var haldið í þremur áföngum þar sem lögð var áhersla á m.a. eflingu liðsheildar innan hvers dómstóls fyrir sig og á milli héraðsdómstólanna þar sem aukin upplýsingagjöf og endurgjöf um verkefni starfsmanna er höfð að leiðarljósi.

Ráðgjafarhópur innanríkisráðuneytisins um undirbúning að stofnun Landsréttar og vinnuhópur um sameiginlega stjórnarsýslu Skarphédni Þórissyni, fyrrverandi ríkislögmanni, var af hálfu innanríkisráðuneytisins falin yfirumsjón með undirbúningi að stofnun Landsréttar. Þá skipaði ráðuneytið ráðgjafarhóp til þess m.a. að velja viðeigandi húsnæði og að tryggja að fyrir hendi verði viðeigandi tækjabúnaður á bæði héraðs- og millidómstigi, málaskárkerfi svo og allur annar búnaður. Dómstólaráð tilnefndi Jón Höskuldsson og Ólöfu Finnsdóttur til þess að taka sæti í ráðgjafarhópi og starfshópi ráðuneytisins.

Samráðshópur innanríkisráðherra um meðferð nauðgunarmála í réttarvörslukerfinu

Hlutverk starfshóps innanríkisráðherra um meðferð nauðgunarmála var m.a. að rýna það verklag og viðhorf fagaðila sem birtist í skýrslu Hildar Fjólu Antonsdóttur. Starfshópurinn var skipaður fulltrúum frá ríkissaksóknara, héraðssaksóknara, lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, LMFÍ, Landspítala háskólasjúkrahúsi og dómstólaráði. Dómstólaráð tilnefndi Sigríði Hjaltested, dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur, og Sigurð Gísla Gíslason, dómara við Héraðsdóm Suðurlands, í samráðshóp ráðherra.

Fundur um breytingu á lögum um meðferð sakamála

Dómstólaráð boðaði til samræðufundar 16. desember 2016 um breytingu á lögum um meðferð sakamála er varða skilyrði fyrir beitingu úrræða skv. XI. kafla, sbr. lög nr. 103/2016. Bryndís Helgadóttir, skrifstofustjóri innanríkisráðuneytisins, Reimar Pétursson, formaður LMFÍ, og Helgi Magnús Gunnarsson héldu erindi og fundarmenn skiptust á skoðunum um túlkun ákvæðanna.

Fagrád um endurmenntun dómara

Til þess að vinna að endurmenntunarstefnu héraðsdómstólanna og leggja mat á þörf fyrir endurmenntun hverju sinni hefur dómstólaráð skipað sérstakt fagrád dómara. Fagráðið skipa: Ásmundur Helgason, Ragnheiður Harðardóttir og Þorgeir Ingi Njálsson. Fagráðið skipulagði og sá um eftirfarandi námskeið og umræðufund á árinu:

- Janúar: Hælisleitendur á Íslandi – samspil íslenskra laga og alþjóðlegra skuldbindinga. Leiðbeinendur voru Kristín María Gunnarsdóttir, lögfræðingur og staðgengill forstjóra Útlendingastofnunar, og Ragna Bjarnadóttir, lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis.
- Febrúar: HUDOC – Leitarvél Mannréttindadómstóls Evrópu. Leiðbeinendur: Ragna Bjarnadóttir, lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis, og Hulda María Stefánsdóttir, saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara.
- Febrúar: Hlutverk íslenskra dómstóla í verndun tjáningarfrelsis með hliðsjón af dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu. Leiðbeinandi: Ragna Bjarnadóttir, lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis.

SEND

SEND, („Samarbejdsorganet for Efteruddannelse af Nordens Dommere“) er samstarfsverkefni norrænu dómstólanna um símenntun dómara sem á rætur sínar að rekja til ársins 1989. Frá upphafi hefur sænska dómstólaráðið lagt til stöðugildi ritara stýrinesndar SEND en í stýrinesnd sitja fulltrúar allra norrænu þjóðanna. Hlutverk stýrinesndarinnar er að ákveða og skipuleggja efni ráðstefnanna hverju sinni en Norðurlandþjóðirnar skiptast á að halda þær og undirbúa. Í dag er Kenneth Nyård, dómstjóri í Åbo hovrátt, formaður stýrinesndarinnar, en Ingibjörg Þorsteinsdóttir og Ólöf Finnsdóttir sitja í stýrinesndinni af Íslands hálfu. SEND stendur að jafnaði fyrir tveimur ráðstefnum ár hvert, að vori og að hausti. Þriðja hvert ár er norræna lögfræðingafélagið haldið en það árið stendur SEND einungis fyrir einni ráðstefnu.

- Júní; „Digitalisering in om domstolarna“ ráðstefna haldin í Helsinki dagana 13.-15. júní 2016. Þemað var tækniþróun innan dómstólanna. Ráðstefnuna sóttu því stjórnendur og starfsmenn dómstólanna á Norðurlöndunum ásamt millistjórnendum og fulltrúum dómstólaráðanna eða dómsmálaráðuneytis sem sjá um tæknimál dómstólanna. Af hálfu Íslands sóttu Friðrik Þ. Stefánsson, Barbara Björnsdóttir, Símon Sigvaldason og Ólöf Finnsdóttir ráðstefnuna. Símon hélt erindi og gerði grein fyrir þeirri vinnu sem hefur átt sér stað á liðnum árum á Íslandi.
- Október: „Dommerens og domstolens uafhængighet“ ráðstefna í Þrándheimi dagana 3.-5. október 2016 þar sem haldnir voru fyrirlestrar og kynningar um á sjálfstæði dómstóla og dómara. Ráðstefnuna sóttu dómara frá öllum Norðurlöndunum og var lögð áhersla á mikilvægi þess að ráðstefnugestir gætu deilt reynslu sinni og miðlað upplýsingum í hverju Norðurlandanna fyrir sig. Ingibjörg Þorsteinsdóttir, Ingveldur Einarsdóttir, Krístrún Kristinsdóttir, Ragnheiður Snorradóttir og Skúli Magnússon sóttu ráðstefnuna, en Skúli hélt jafnframt erindi á ráðstefnunni.

Human Rights Education For Legal Professionals (HELP)

Hjörtur O. Aðalsteinsson, dómstjóri Héraðsdóms Suðurlands og fulltrúi í dómstólaráði, sótti í júní hina árlegu ráðstefnu sem haldin er á vegum Evrópuráðsins og ætlað er að stuðla að kynningu mannréttindasáttmálans meðal dómara, saksóknara og lögmannna í aðildarríkjunum og auðvelda þeim að beita ákvæðum sáttmálans í daglegum störfum sínum.

Starfsdagur dómstólanna

Dómstólaráð stóð fyrir kynnisferð til Stokkhólms daganna 15.-18. september 2016 sem 33 starfsmenn héraðsdómstólanna og dómstólaráðs sóttu, ásamt verkefnastjóra innanríkisráðuneytisins við undirbúning að stofnun Landsréttar.

Markmið ferðarinnar var að þátttakendur fengju m.a. innsýn í lagaumhverfi og málsmeðferð millidómstigsins í Svíþjóð í tilefni af stofnun Landsréttar. Í þeim tilgangi heimsótti hópurinn Hæstarétt (s. Högsta domstolen), millidómstig/áfrýjunarrétt (s. Svea hovrätt) og héraðsdómstól Stokkhólms (s. Stockholms tingsrätt). Jafnframt fengu þátttakendur innsýn í það hvaða mál eru tekin fyrir af millidómstiginu, hvernig samspili millidómstigsins er háttáð við lægra og æðra dómstig, hvernig skýrslutökur eru teknar upp í hljóði og mynd á héraðsdómstiginu og hvaða þjónusta er veitt og hvernig upplýsingagjöf er háttáð. Dómstólaráð naut góðrar aðstoðar starfsmanna sænska dómstólaráðsins við undirbúning ferðarinnar.

Ráðstefna danska dómstólaráðsins og Hæstaréttar um traust til dómstóla.

Danska dómstólaráðið og Hæstiréttur buðu til ráðstefnu í Kaupmannhöfn 30. ágúst 2016 sem Ólöf Finnsdóttir sótti en þema ráðstefnunnar var traust til dómstólanna. Dönsku dómstólarnir njóta mests trausts samanborið við önnur lönd í Evrópu og var umræðuefni ráðstefnunnar m.a. hvernig gæti staðið á því og hvernig mætti viðhalda því mikla trausti sem almenningur ber til dómstólanna í landinu.

Sérfróðir meðdómsmenn

Þegar deilt er um staðreyndir, sem eru bornar fram sem málsástæður og dómari telur þurfa sérkunnáttu í dóm til að leysa úr, getur hann kvatt til tvo meðdómsmenn sem hafa slíka sérkunnáttu. Eins ef mál er umfangsmikið eða sakarefni mjög mikilvægt frá almennu sjónarmiði er mögulegt að kveðja til sérfróðan meðdómsmann. Kostnaður vegna sérfróðra meðdómsmanna við héraðsdómstólana nam 115 m.kr. á árinu 2016 sem er 7% af heildarútgjöldum dómstólanna. Hlutfall launakostnaðar sérfróðra meðdómsmanna hefur aukist jafnt og þétt á liðnum árum eða frá því að vera um 4% af heildarútgjöldum héraðsdómstólanna á árinu 2008 í um 7% á árinu 2016.

Tafla 3. Þróun launakostnaðar sérfróðra meðdómsmanna 2008-2016

Ártal	Upphæð í milljón kr.
2008	36
2009	42
2010	41
2011	48
2012	61
2013	66
2014	91
2015	106
2016	115

HÉRAÐSDÓMSTÓLAR

Kynning embætta, staðsetning, stærð og tölulegar upplýsingar

Fjöldi stöðugilda héraðsdómstólanna

Dómarar héraðsdómstólanna voru samtals 38 á grundvelli 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998 þar til þeim var fjölgað tímabundið í samtals 43 með lögum nr. 147/2009 er tóku gildi 1. janúar 2010.

Tafla 4. Fjöldi stöðugilda héraðsdómstólanna

	Dómarar			Aðstoðarmenn			Aðrir starfsmenn		
	2014	2015	2016	2014	2015	2016	2014	2015	2016
HDR	25	25	25	5,85	6	7,083	18	18	18.20
HDVL	1	1	1	1	1	1	1	1	1
HDVF	1	1	1	0	0	0	1	1	1
HDVF	1	1	1	0	0	0	1	1	1
HDNV	1	1	1	0	0	0	1	1	1
HDNE	3	3	3	0	0	0	2	2	2
HDAL	1	1	1	0	0	0	1	1	1
HDSL	3	3	3	1	1	1	2	2	2
HDRN	8	8	8	3	3	3	6	6	6
Samtals	43	43	43	10,85	11	12,08	33	33	33.2
Dómstólaráð					2,2				

Á grundvelli 2. mgr. 20. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla getur ráðherra sett dómara í embætti, í forföllum skipaðs dómara, ef sérstakar annir krefjast þess og dómstólaráð mælir með því. Ingiríður Lúðvíksdóttir er sett í embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur frá og með 1. mars 2015 til og með 15. september 2017 vegna leyfis Ingveldar Einarsdóttur, setts dómara við Hæstarétt Íslands.

Héraðsdómur Reykjavíkur

Í Dómhúsinu við Lækjartorg er aðsetur Héraðsdóms Reykjavíkur og heyra sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur undir umdæmi hans. Dómstjóri er Ingimundur Einarsson. Við dómstólinn starfa 24 dómarar auk dómstjóra, 6 aðstoðarmenn, 11 dómritarar og 7 aðrir starfsmenn.

Helstu verkefni á árinu – samantekt dómstjóra


Töluverð fækkun varð í heildarfjölda innkominna mála árið 2016, borið saman við árið 2015. Nam fækkunin rúmum 8% og vegur þar þyngst fækkun innkominna einkamála. Þrátt fyrir það lengdist meðalmálsferðartími einkamála um tæpa 40 daga milli ára. Málsmeðferðartími ákærumála stýttist á hinn bóginn milli ára, fór úr tæpum 80 dögum árið 2015 í 64 daga 2016.

Í marsmánuði 2016 lét einn dómari af störfum vegna aldurs og var ekki skipað í embætti hans. Frá þeim tíma hafa því 23 dómarar starfað við dómstólinn, auk dómstjóra. Í september sama ár hófu tveir dómarar töku námsleyfis til sex mánaða. Frá sama tíma fékk einn dómari tímabundið leyfi vegna skipunar í rannsóknarnefnd Alþingis. Ekki var sett í embætti þriggja síðasttöldu dómaranna. Til þess að mæta álagi af þessum sökum féllst dómstólaráð á að fjölga aðstoðarmönnum við dómstólinn, auk þess sem leitað var í auknum mæli aðstoðar héraðsdómara utan dómstólsins.

Ákærumál í Héraðsdómi Reykjavíkur

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Reykjavíkur frá árinu 2000 til ársins 2016. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 815 ný ákærumál og samtals voru afgreidd 861 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 64 dagar á árinu 2016 en 80 dagar á árinu 2015.


Mynd 3. Þróun ákærumála hjá HDR árin 2000-2016



Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Reykjavíkur

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Reykjavíkur frá árinu 2000 til ársins 2016. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómþingi var úthlutað 718 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 793 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 400 dagar á árinu 2016 en 360 dagar á árinu 2015.

Mynd 4. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDR árin 2000-2016



Héraðsdómur Vesturlands

Í Borgarnesi er aðsetur Héraðsdóms Vesturlands og heyra Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær undir hans umdæmi. Dómstjóri er Ásgeir Magnússon. Við dómstólinn starfar einn aðstoðarmaður og einn dómritari.

Helstu verkefni á árinu – samantekt dómstjóra


Starfsemi dómstólsins var með hefðbundnu sniði á árinu 2016 og starfsmannahald óbreytt. Samtals bárust 408 mál til úrlausnar, sem er 2,7% fækkun frá fyrra ári, en þá bárust dómstólnum 420 mál. Innkomnum einkamálum fjölgaði úr 142 málum í 156. Þannig fjölgaði skriflega fluttum málum úr 120 í 147, en munnlega fluttum málum fækkaði hins vegar úr 22 í 9. Mikil fækkun varð í innkomnum sakamálum, sem fóru úr 170 niður í 76. Þar af voru innkomin ákærumál 51, en þau voru 93 árið áður. Þá er þess að geta að beiðnum um gjaldprotaskipti fjölgaði verulega á árinu, úr 40 í 110.

Því miður hefur ekki enn tekist að stytta málsmeðferðartíma munnlega fluttra einkamála við embættið, en vonast er til að það fari að breytast frá og með þessu ári. Skýrist framangreint helst af of mikilli uppsöfnun mála sem biðu aðalmeðferðar á árinu 2015. Þá hefur nokkuð verið um það að málum með langan meðferðartíma fyrir dóminum hafi verið vísað á ný heim í hérað til frekari meðferðar, auk þess sem allumfangsmikil saka- og einkamál voru til meðferðar á árinu, meðal annars með fjölskipuðum dómi. Þannig voru dæmd á árinu manndrápsmál og tvö kynferðisbrotamál. Á móti kemur hins vegar að meðalafgreiðslutími ákærumála styttist verulega á síðasta ári.

Ákærumál í Héraðsdómi Vesturlands

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Vesturlands frá árinu 2000 til ársins 2016. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 51 nýtt ákærumál og samtals voru afgreidd 49 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 87 dagar á árinu 2016 en 142 dagar á árinu 2015.


Mynd 5. Þróun ákærumála hjá HDVL árin 2000-2016



Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Vesturlands

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Vesturlands frá árinu 2000 til ársins 2016. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar dómara á árinu. Af reglulegu dómþingi var úthlutað 9 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 23 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 624 dagar á árinu 2016 en 527 dagar á árinu 2015.

Mynd 6. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDVL árin 2000-2016



Héraðsdómur Vestfjarða

Á Ísafirði er aðsetur Héraðsdóms Vestfjarða og heyra Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð undir hann. Dómstjóri er Sigríður Elsa Kjartansdóttir. Við dómstólinn starfar einn dómritari.

Helstu verkefni á árinu – samantekt dómstjóra

Starfsemi Héraðsdóms Vestfjarða var með hefðbundnu sniði á árinu 2016 og mannahald óbreytt. Þeim málum sem bárust dómstólnum fækkaði lítillega frá því árið á undan eða úr 220 árið 2015 í 205 árið 2016 eða um 6,8%. Mesta fækkunin milli ára varð í sakamálum en þeim fækkaði úr 92 í 56 en fjöldi einkamála var svipaður eða 75 en hafði verið 72 árið á undan. Skýringin á fækkun sakamála kann að hluta til að vera sú að fleiri málum hafi verið lokið hjá lögreglustjóra en áður og þarf ekki að vera vísbending um fækkun brota.

Málsmeðferðartími lengdist hvað varðar munnlega flutt einkamál úr 167 í 273 daga. Einungis 4 einkamál voru flutt munnlega á árinu 2016 en voru 5 árið á undan. Skýringu á lengdum málsmeðferðartíma milli áranna er að finna í einstökum málum sem kölluðu á tímafreka gagnaöflun eftir málshöfðun. Málsmeðferðartími sakamála styttist úr 86 dögum árið 2015 í 63 árið 2016.


Þá afgreiddi dómari tvö munnlega flutt mál á árinu sem höfðuð voru við aðra dómstóla en var endurúthlutað eftir að dómarrar viku sæti.

Loks er þess að geta að veður og ófærð truflaði starfsemi dómstólsins í minna mæli en oft áður vegna góðrar tíðar seinni hluta ársins.

Ákærumál í Héraðsdómi Vestfjarða

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Vestfjarða frá árinu 2000 til ársins 2016. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 31 nýtt ákærumál og samtals voru afgreidd 42 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 79 dagar á árinu 2016 samanborið við 60 daga á árinu 2015.


Mynd 7. Þróun ákærumála hjá HDVF árin 2000-2016



Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Vestfjarða

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Vestfjarða frá árinu 2000 til ársins 2016. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómsþingi var úthlutað 5 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 4 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 209 dagar á árinu 2016 en 288 dagar á árinu 2015.

Mynd 8. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDVF árin 2000-2016



Héraðsdómur Norðurlands vestra

Á Sauðárkróki er aðsetur Héraðsdóms Norðurlands vestra og heyra Akrahreppur, Blönduósbær, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagaströnd undir hans umdæmi. Dómstjóri er Halldór Halldórsson. Við dómstólinn starfar einn dómritari.


Helstu verkefni á árinu – samantekt dómstjóra

Á liðnu ári var stafsemi dómsins með líkum hætti og verið hefur á liðnum árum. Þannig varð ekki breyting á starfsmannahaldi eða stöðugildum. Af samantekt um fjölda mála má sjá að fjöldi þeirra var svipaður og á síðasta ári þótt fjölgun hafi orðið í sumum málaflokkum en fækkun í öðrum. Fjöldi munnlega fluttra mála var hins vegar svipaður og á síðasta ári. Dómari við dómstólinn hefur fengið nokkuð af málum frá öðrum dómstólum auk þess sem áframhald var á samstarfi við Héraðsdóm Reykjavíkur, hvað varðar afgreiðslu einkamála, þar sem útivist varð af hálfu stefnda, og afgreiddi dómari dómstólsins rúmlega 300 slík mál frá Héraðsdómi Reykjavíkur á liðnu ári.

Ákærumál í Héraðsdómi Norðurlands vestra

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Norðurlands vestra frá árinu 2000 til ársins 2016. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 41 nýtt ákærumál og samtals voru afgreidd 39 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 69 dagar á árinu 2016 en 42 dagar á árinu 2015.

Mynd 9. Þróun ákærumála hjá HDNV árin 2000-2016



Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Norðurlands vestra

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Norðurlands vestra frá árinu 2000 til ársins 2016. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru mál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómþingi var úthlutað 11 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 5 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála voru 157 dagar á árinu 2016 en 339 dagar á árinu 2015.

Mynd 10. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDNV árin 2000-2016



Héraðsdómur Norðurlands eystra

Á Akureyri er aðsetur Héraðsdóms Norðurlands eystra og heyra Akureyrar-kaupstaður, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit, Langanesbyggð, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Svalbarðsstrandahreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit undir hans umdæmi. Dómstjóri er Ólafur Ólafsson. Við dómstólinn starfa tveir dómáramar auk dómstjóra og þrjú dómritarar.

Helstu verkefni á árinu – samantekt dómstjóra

Líkt og undanfarin ár urðu nokkrar tilfærslur á milli málaflokka, en í heild fjölgaði málum við dómstólinn miðað við árið 2015 um tæplega 19%. Helst er þetta tilkomið vegna fleiri sakamála, aðfararmála og mála sem varða opinber skipti. Á hinn bóginn fækkaði skriflega fluttum einkamálum og gjaldþrotamálum.

Þau munnlega fluttu einkamál sem inn komu á árinu vörðuð flest margvísleg skuldamál, en einnig forsjá barna og barnaverndarmálefni. Helstu flokkar sakamála sem lokið var á árinu 2016 vörðuð auðgunarbrot, en einnig fjölgaði afgreiddum málum, sem tengdust ávana- og fíkniefnum, þ.m.t. málum vegna fíkniefnaaksturs. Aftur á móti fækkaði ákærum vegna ofbeldisbrota miðað við fyrra ár. Fimm kynferðisbrotamál voru dæmd á árinu, en þar af voru tvær nauðgunarákæur og er það sami fjöldi og árið áður. Málsmeðferðartími sakamála hefur verið viðunandi mörg undanfarin ár. Málsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála hefur hin síðustu ár verið að lengjast. Skýrist það helst af umfangsmiklum eignarréttarmálum, en einnig koma þar aðrar ástæður til. Viðsnúningur varð að þessu leyti á árinu 2016, en þá lauk m.a. meðferð svonefndra þjóðlendumála. Vegna þessa er málsmeðferðartími óafgreiddra munnlega fluttra einkamála nú viðunandi.

Starfsmenn dómstólsins eru sem fyrr sex, þ.e. þrjú dómáramar, en stöðugildi dómritara eru tvö, sem þrjú dómritarar gegna. Ekki fékkst heimild til þess að ráða til dómstólsins löglærðan aðstoðarmann, en í mörg undanfarin ár hefur það verið keppikefli dómstjóra að endurheimta slíkan starfsmann, í a.m.k. hálfu stöðu.


Starfsárið 2016 var að mörgu leyti ágætt, enda starfsemi dómstólsins öll í föstum skorðum. Líkt og mörg undanfarin ár komu til skammrar námsdvalar laganemar frá öllum háskólum landsins, og hafa þeir reyndar aldrei verið fleiri.

Á árinu 2016 var tíðarfar í umdæminu með ágætum og veðurbliða, en samkvæmt tölum Hagstofunnar varð og nokkur fjölgun lögheimilisíbúa á Norðurlandi eystra. Þann 31. desember 2016 sl. voru íbúarnir orðnir 29.685 að tölu, og er því umdæmið sem fyrr það þriðja fjölmennasta í landinu.

Ákærumál í Héraðsdómi Norðurlands eystra

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Norðurlands eystra frá árinu 2000 til ársins 2016. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 221 nýtt ákærumál og samtals voru afgreidd 231 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 98 dagar á árinu 2016 samanborið við 132 daga á árinu 2015.


Mynd 11. Þróun ákærumála hjá HDNE árin 2000-2016



Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Norðurlands eystra

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Norðurlands eystra frá árinu 2000 til ársins 2016. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru mál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómþingi var úthlutað 30 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 41 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 695 dagar á árinu 2016 en 592 dagar á árinu 2015.

Mynd 12. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDNE árin 2000-2016



Héraðsdómur Austurlands

Á Egilsstöðum er aðsetur Héraðsdóms Austurlands og heyra Borgarfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vopnafjarðarhreppur undir hans umdæmi. Dómstjóri er Hildur Briem. Við dómstólinn starfar einn dómritari.

Helstu verkefni á árinu – samantekt dómstjóra

Árið 2016 fækkaði innkomnum málum til Héraðsdóms Austurlands lítillega, í 224 mál úr 232 málum frá fyrra ári. Innkomnum sakamálum fjölgaði þó nokkuð, úr 32 málum í 48 mál, þar af fjölgaði ákærumálum úr 21 máli í 36 mál frá fyrra ári. Fjöldi aðfararbeiðna hélst svipaður milli ára, eða 14 mál, en gjaldþrotabeiðnum fækkaði nokkuð, úr 57 málum í 48 mál. Innkomin munnlega flutt einkamál voru með fæsta móti eða 8 mál. Málsmeðferðartími styttest nokkuð, bæði í sakamálum og munnlega fluttum einkamálum.


Starfsmannahald dómstólsins er óbreytt frá fyrra ári, en við dóminn starfa einn héraðsdómari, sem jafnframt er dómstjóri, og einn dómritari. Bæði dómritari og dómari hafa tekið að sér verkefni fyrir aðra dómstóla eftir því sem starfsemi dómstólsins leyfir. Flest dómþing eru háð í húsnæði dómstólsins á Egilsstöðum, en fyrir kemur að af hagkvæmnisástæðum séu þinghöld haldin annars staðar, einkum við aðra héraðsdómstóla. Fjarlægðir innan umdæmisins og milli aðseturs dómstólsins og höfuðborgarsvæðisins eru talsverðar og eðlilega geta truflanir á samgöngum sett strik í reikninginn þegar kemur að þinghöldum.

Eins og nefnt hefur verið í fyrri samantektum þessa dómstjóra í ársskýrslum héraðsdómstólanna fara umdæmismörk Héraðsdóms Austurlands ekki lengur saman við umdæmi sýslumanna og lögreglustjóra, eftir þær breytingar sem á þeim embættum voru gerðar og tóku gildi áramótin 2014-2015. Þótt taka hafi þurft tillit til þessa í starfsemi dómsins hefur gengið ágætlega að leysa úr praktískum álitaefnum sem upp hafa komið af þessu tilefni.

Ákærumál í Héraðsdómi Austurlands

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Austurlands frá árinu 2000 til ársins 2016. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 36 ný ákærumál og samtals voru afgreidd 33 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 90 dagar á árinu 2016 en 159 dagar á árinu 2015.


Mynd 13. Þróun ákærumála hjá HDA árin 2000-2016



Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Austurlands

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Austurlands frá árinu 2000 til ársins 2016. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru mál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómþingi var úthlutað 8 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 12 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 255 dagar á árinu 2016 en 298 dagar á árinu 2015.

Mynd 14. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDA árin 2000-2016



Héraðsdómur Suðurlands

Á Selfossi hefur Héraðsdómur Suðurlands aðsetur sitt og heyra Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Vestmannaeyjabær undir hans umdæmi. Dómstjóri er Hjörtur O. Aðalsteinsson. Við dómstólinn starfa tveir dómáramur auk dómstjóra, tveir dómritáramur og einn aðstoðáramur.

Helstu verkefni á árinu – samantekt dómstjóra

Þegar horft er til ársins 2016 vill starfsfólk Héraðsdóms Suðurlands benda á að stofnunin varð í þriðja skipti í efsta sæti í hinni árlegu könnun SFR meðal starfsfólks um stofnun ársins í flokki stofnana með færri en 20 starfsmenn, en stofnunin varð í öðru sæti árið 2013. Ákærumál á árinu voru 313 og fækkar þeim úr 399 málum árið 2015. Hins vegar virðist fjöldi ákærumála nú vera á svipuðu róli og árin 2010-2012. Munnlega fluttum einkamálum fjölgar úr 29 árið 2015 í 43 árið 2016. Þá hefur rannsóknarúrskurðum fjölgað verulega, þeir voru 61 árið 2015 en voru 103 árið 2016 og hafa þeir aldrei verið jafn margir frá því að dómstóllinn tók til starfa árið 1992. Frá 1. september 2016 hóf dómstjóri töku sex mánaða námsleyfis og var sú ákvörðun tekin í sparnaðarskyni að setja ekki dómara í staðinn, en Ragnheiður Thorlacius héraðsdómari var settur dómstjóri á meðan. Hvíldi því allur þungi dómstarfanna á einungis tveimur dómurum og einum löglærðum aðstoðarmanni og fundu þau mjög vel fyrir auknu álagi auk þess sem málsmeðferðartími lengdist. Er því algerlega ljóst að þessi stofnun getur ekki sinnt verkefnum sínum svo vel sé nema með óbreyttum starfsmannafjölda. Dómstóllinn hefur einungis yfir að ráða einum dómsal í húsnæði dómsins á Selfossi og er brýnt að úr því verði bætt og húsnæði á sömu hæð og dómstóllinn er og staðið hefur ónotað í nokkur ár verði nýtt í þágu dómsins. Dómstólaráð samþykkti á árinu 2016 nýjar reglur um birtingu dóma og úrskurða á heimasíðu héraðsdómstólanna og hafa starfsmenn eftir fremsta megni reynt að fara í einu og öllu eftir þeim reglum, en viðurkenna verður að áður var oft misbrestur á því að dómáramur væru birtir á heimasíðunni.

Ákærumál í Héraðsdómi Suðurlands

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Suðurlands frá árinu 2000 til ársins 2016. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 313 ný ákærumál og samtals voru afgreidd 306 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 105 dagar á árinu 2016 en 88 dagar á árinu 2015.

Mynd 15. Þróun ákærumála hjá HDS árin 2000-2016



Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Suðurlands

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Suðurlands frá árinu 2000 til ársins 2016. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru mál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómpingi var úthlutað 49 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 33 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 309 dagar á árinu 2016 samanborið við 273 dag á árinu 2015.

Mynd 16. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDS árin 2000-2016



Héraðsdómur Reykjaness

Í Hafnarfirði hefur Héraðsdómur Reykjaness aðsetur sitt og heyra Garðabær, Grindavíkurbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogsbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Álftanes, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar undir hans umdæmi. Dómstjóri er Þorgeir Ingi Njálsson. Við dómstólinn starfa sjö dómara auk dómstjóra, þrjár aðstoðarmenn, einn skrifstofustjóri, þrjár dómritarar, móttökuritari og bókarari.

Helstu verkefni á árinu – samantekt dómstjóra

Frá árinu 2010 hafa starfsmenn Héraðsdóms Reykjaness verið 17 talsins, en fram að því voru þeir 15. Fólst viðbótin í einu stöðugildi dómara, sem þar með urðu 8, og einu stöðugildi löglærðs aðstoðarmanns. Þegar síðast var skipað í dómarastöðu við dómstólinn, það er í lok árs 2013, ákvað dómstólaráð að sá dómari skyldi ekki eiga þar fast sæti, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla. Var þá haft í huga að dómarrinn myndi jafnframt taka við málum frá Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt nánari heimild sem dómstólaráð veitti. Ráðið ákvað að grípa til þessarar heimildar í lok árs 2015 og var hún í gildi allt árið 2016. Kom þessi ráðstöfun einkum til vegna forfalla og leyfa dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og verður hún í öllu falli ekki skýrð með því að málum við Héraðsdóm Reykjaness hafi fækkað.

Að því er varðar störf löglærðra aðstoðarmanna, sem eru þrír, er vert að geta þess að afgreiðsla sakamála þegar ekki er haldið uppi vörnum, en undir þetta falla svokölluð útivistar- og játningarmál, er nú að stærstum hluta í höndum aðstoðarmanns. Þá var á árinu gerð sú breyting á tilhögun verkefna aðstoðarmanna að einn þeirra sinnir nú alfarið því verki að aðstoða dómara við samningu úrskurða og dóma.

Fjöldi munnlega fluttra einkamála við dómstólinn stóð nánast í stað á milli ára, fór úr 194 málum í 201 mál. Þá fjölgaði sakamálum úr 381 máli í 406 mál. Þegar málatölur eru skoðaðar er helst hugað að þessum tegundum mála. Á þessum vettvangi skal því enn og aftur haldið til haga að utan við þessa flokkun falla mál sem í lögfræðilegu tilliti og þegar horft er til umfangs að öðru leyti má að fullu jafna við almenn einkamál sem sæta sókn og vörn fyrir héraðsdómi.


Að lokum skal hér vikið að þeirri sérstöðu sem Héraðsdómur Reykjaness hefur með tilliti til rannsóknarmála (R-mál). Fjöldi þeirra hefur verið mjög mikill allt frá árinu 2008 og náði hann hámarki á árinu 2013, en það ár voru kveðnir upp 809 rannsóknarúrskurðir. Fjöldi þeirra á árinu 2016 var 580 (567 árið 2014 og 540 árið 2015), en til samanburðar má geta þess að meðaltal árána 2000-2007 var 162 mál. Það er í höndum sjö dómara (dómstjóri undanskilinn) að sjá um afgreiðslu þessara mála á sérstakri vakt, viku í senn. Dómari er því á slíkri vakt í rétt rúmlega 50

daga á ári. Má af þessu ljóst vera að þessum þætti starfseminnar fylgir mikið álag sem ekki á sér hliðstæðu við annan héraðsdómstól.

Ákærumál í Héraðsdómi Reykjaness

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Reykjaness frá árinu 2000 til ársins 2016. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 406 ný ákærumál og samtals voru afgreidd 362 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 84 dagar á árinu 2016 en 76 dagar á árinu 2015.

Mynd 17. Þróun ákærumála hjá HDRN árin 2000-2016



Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Reykjaness

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Reykjaness frá árinu 2000 til ársins 2016. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru mál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómþingi var úthlutað 201 munnlega fluttu einkamáli og samtals voru afgreidd 194 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 266 dagar á árinu 2016 en 346 dagar á árinu 2014.


Mynd 18. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDRN árin 2000-2016



HÉRAÐSDÓMSTÓLAR Í TÖLUM

Þegar tölulegar upplýsingar héraðsdómstólanna⁴ eru skoðaðar er áhugavert að líta til íbúafjölda⁵ í umdæmi héraðsdómstólanna. Í umdæmi Héraðsdóms Reykjavíkur búa um 41% íbúa. Í umdæmi Héraðsdóms Reykjaness búa um 30% íbúa. Í umdæmi Héraðsdóms Norðurlands eystra búa 9% íbúa, í umdæmi Héraðsdóms Suðurlands búa um 7% íbúa, í umdæmi Héraðsdóms Vesturlands búa um 5% íbúa, í umdæmi Héraðsdóms Austurlands búa um 4% íbúa, í umdæmi Héraðsdóms Norðurlands vestra búa um 2% íbúa og í umdæmi Héraðsdóms Vestfjarða búa um 2% íbúa.

Mynd 19. Fjöldi íbúa í umdæmi hvers héraðsdómstóls 2016



⁴Á vefsíðu dómstólaráðs <http://www.domstolar.is> er að finna tölfræðiupplýsingar sem uppfærðar eru reglulega.

⁵ Upplýsingar um mannfjölda er að finna á vefsíðu Hagstofu Íslands <https://www.hagstofa.is/>

Á næstu síðum eru birtar margvíslegar tölulegar upplýsingar um starfsemi dómstólanna, m.a. um greiningu mála eftir brotaflokkum í sakamálum og eftir tegundum einkamála. Umfangsmestu verkefni héraðsdómstólanna eru einkamál og sakamál. Einkamál skiptast síðan í munnlega flutt einkamál, þar sem vörnum er haldið uppi í svonefndum ágreiningsmálum⁶ auk lögræðismála og skriflega fluttra einkamála.

Sakamál sem berast dómstólunum eru af tvennum toga. Annars vegar eru mál sem höfðuð eru af ákærvaldinu⁷ á hendur einstaklingum eða lögaðilum til refsingar. Hins vegar eru svonefnd sektarboðsmál. Lögreglustjóra er lögum samkvæmt heimilt að ljúka vissum málum með sektargreiðslu. Sakborningi er þá gefinn kostur á að ljúka máli sínu með því að greiða sekt. Sinni sakborningur ekki sektargreiðslunni getur lögreglustjóri sent málið héraðsdómara til ákvörðunar sektar og vararefsingar. Dómari tekur ákvörðun um viðurlög með áritun á sektarboð lögreglustjóra og hefur slík áritun sömu áhrif og dómur. Dómarar ganga svokallaðar rannsóknarvaktir og sinna þar erindum frá lögreglu þar sem atbeina dómstóla er þörf í þágu rannsóknar sakamáls. Viðamestu málin eru annars vegar kröfur um gæsluvarðhald og hins vegar skýrslutökur af börnum sem grunur leikur á að hafi mátt þola kynferðisbrot. Fjölbreytt mál koma til úrlausnar hjá héraðsdómstólunum og eru nánari upplýsingar og sundurliðun mála birt í töflu 4 hér að neðan.

Héraðsdómstólarnir innheimta dómsmálagjöld á grundvelli ákvæða laga um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991, með síðari breytingum. Dómsmálagjöld eru greidd vegna meðferðar einkamála í héraði og fara þau stighækkandi með hliðsjón af stefnufjárhæð máls. Fyrir þingfestingu máls þar sem stefnufjárhæð nemur allt að 3 m.kr. greiðast 15.000 kr. í þingfestingargjald. Fyrir þingfestingu máls þar sem stefnufjárhæð er frá 3 m.kr. að 30 m.kr. og vegna mála þar sem krafist er viðurkenningar á réttindum og/eða skyldu greiðast 30.000 kr. Gjaldskrá á grundvelli ákvæða laga um aukatekjur ríkissjóðs má nálgast á vefsíðu héraðsdómstólanna.


Fjöldi dómsmála á árinu 2016 og samanburður milli ára

Að neðan getur að líta mynd af heildarfjölda mála sem bárust héraðsdómstólunum á árunum 2000-2016. Á árinu 2016 fækkaði skráðum málum hjá héraðsdómstólunum úr 15.053 á árinu 2015 í 14.418 á árinu 2016.

⁶t.d. mál vegna fjárnáms, nauðungarsölu, lögbanns, gjaldþrots, greiðslustöðvunar, nauðasamninga, beinna aðfarargerða o.s.frv.

⁷ Lögreglustjóri, ríkissaksóknari og héraðssaksóknari fara með ákærvaldið.

Mynd 20. Þróun heildarmálfjölda héraðsdómstólanna



Dómsmál við héraðsdómstólana eru í grófum dráttum flokkuð í 30 málaflokka eða tegundir. Skráning í málaskrárkerfi héraðsdómstólanna tekur mið af þeirri skiptingu. Á meðfylgjandi töflu sést sundurliðun þeirra mála sem bárust héraðsdómstólunum eftir tegund þeirra á árinu 2016. Dómsmál eru afar mismunandi að umfangi og því segir fjöldi mála í einstökum málaflokkum ekki alla söguna um vægi málaflokksins fyrir starfsemi héraðsdómstólanna. Stærstu málaflokkarnir eru einkamál og sakamál. Innkomin mál skiptust þannig á árinu 2016 eftir málaflokkum og dómstólum eins og meðfylgjandi tafla sýnir.

Tafla 3. Heildarfjöldi innkominna mála eftir dómstólum og tegundum árið 2016


Málategund	HDR	HDRN	HDVL	HDVF	HDNV	HDNE	HDA	HDS	Samtals
Aðfararbeiðnir	791	389	30	13	16	65	14	93	1411
Innsetningarbeiðnir	207	30	4	3	2	12	4	16	278
Útburðarbeiðnir	158	110	11	4	3	30	2	25	343
Bráðabirgðaforsjá og farbann	0	0	0	0	0	0	0	1	1
Opinber skipti	57	33	7	4	3	14	7	13	138
Einkamál	3898	1158	156	75	59	225	97	331	5999
Munnlega flutt	718	201	9	5	11	30	8	49	1031
Skriflega flutt	3180	957	147	70	48	195	89	282	4968
Flýtimeðferðarmál	31	10	0	0	0	0	0	2	43
Gjaldprotaskipti	1184	682	110	29	30	72	48	185	2340
Horfirir menn	0	0	0	0	0	0	0	1	1
Greiðslustöðvunarbeiðnir	1	0	0	0	0	0	0	0	1
Ágreiningsmál vegna kyrrsetningar og lögbanns	4	0	0	0	0	0	0	0	4
Löggræðismál	130	47	3	0	1	6	3	11	201
Matsmál	197	35	4	1	1	14	0	14	266
Nauðasamningsumleitarnir	3	4	1	0	0	2	0	3	13
Sjópróf	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Ágreiningsmál vegna dánarbússkipta o.fl.	14	9	1	1	1	2	1	3	32
Rannsóknarúrskurðir	464	580	10	22	4	51	5	103	1239
Gæsluvarðhaldsúrskurðir	143	166	7	0	0	13	1	13	343
Hútleitarúrskurðir	42	60	0	2	0	7	4	3	118
Sakamál	1005	573	76	56	42	280	48	358	2438
Höfðuð með ákæru	815	406	51	31	41	221	36	313	1914
Sektarboðsmál	188	167	25	25	1	59	12	45	522
Ágreiningsmál vegna þinglýsinga	3	0	3	0	0	2	0	3	11
Barnavendarmál	13	13	2	1	0	1	0	2	32
Vitnamál	24	8	2	0	0	1	1	2	38
Ágreiningsmál vegna gjaldprotaskipta	33	15	1	0	0	6	0	4	59
Ágreiningsmál vegna aðfarargerða	18	8	1	0	0	1	1	3	32
Ágreiningsmál vegna nauðungarsölu	13	16	1	1	2	1	0	3	37
Önnur mál	39	31	0	2	0	1	1	8	82
Samtals mál	7922	3611	408	205	159	744	226	1143	14418

Fjöldi mála eftir málaflokkum

Munnlega flutt einkamál


Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda munnlega fluttra einkamála á tímabilinu frá árinu 2000-2016. Munnlega fluttum einkamálum fækkaði lítillega milli ára, en þau voru samtals 1.157 á árinu 2015 en eru 1.031 árið 2016.

Mynd 21. Þróun munnlega fluttra einkamála




Á meðfylgjandi mynd má sjá lyktir og málsmeðferðartíma í munnlega fluttum einkamálum. Lyktir munnlega fluttra einkamála geta verið mismunandi en flestum málanna lýkur með dómi. Hluta málanna er vísað frá, sáttir takast með aðilum eða málin eru felld niður.

Mynd 22. Lyktir og málsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála



Á meðfylgjandi mynd má sjá málsmeðferðartíma munnlega fluttra einkamála í samanburði við fjölda innsendra mála, afgreiddra mála og óafgreiddra munnlega fluttra einkamála frá árinu 2000-2016. Meðalmálsmeðferðartími munnlega flutts einkamáls hefur lengst, var 364 dagar á árinu 2015 en er 386 dagar á árinu 2016. Fjöldi þingfesta munnlega fluttra einkamála á árinu 2016 var samtals 1.031 en var 1.157 á árinu 2015. Fjöldi afgreiddra mála var 1.389 fyrir árið 2015 en 1103 fyrir árið 2016. Fjöldi óafgreiddra munnlega fluttra einkamála í lok árs 2016 var 819 en til samanburðar 885 mál í lok árs 2015.

Mynd 23. Málsmeðferðartími og afgreiðsla munnlega fluttra einkamála 2000-2016



Tafla 4. Tegund munnlega fluttra einkamála


Tegundir eða eðli þeirra einkamála sem rekin eru fyrir dómstólunum eru margvísleg eins og sést í meðfylgjandi töflu. Á árinu 2016 voru flest munnlega flutt einkamál sem rekin voru fyrir héraðsdómstólunum skuldamál en þar á eftir koma skaðabótamál, riftunarmál þrotabúa, ógilding stjórnarathafnar, vinnulaunamál, forsjármál og barnsfaðernismál.

Tegund	HDR	HDRN	HDVL	HDVF	HDNV	HDNE	HDA	HDS	Samtals
(Óskráð)	0	1	0	0	2	0	0	1	4
Barnaverndarmál	11	7	0	0	0	1	0	0	19
Barnsfaðernismál	20	11	1	0	0	0	0	4	36
Eignarréttarmál	2	1	0	0	0	0	1	3	7
Erfðamál	0	0	0	0	0	0	0	1	1
Fasteignakaup, gallar	8	13	0	0	0	1	0	2	24
Fasteignakaup, greiðsludráttur	13	5	0	0	0	0	0	0	18
Firmamál	1	0	0	0	0	0	0	0	1
Fjármögnunarsamningur	2	0	0	0	0	0	0	0	2
Forsjármál	26	22	1	0	0	7	1	4	61
Húsaleigumál	15	7	0	0	0	0	0	0	22
Höfundarréttarmál	4	0	0	0	0	0	0	0	4
Landamerkjumál	0	0	1	0	1	1	2	1	6
Lausafjárkaup, gallar	1	2	0	0	0	0	0	0	3
Lausafjárkaup, greiðsludráttur	1	3	0	0	0	0	0	0	4
Mál um einkaleyfi	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mál um vörumerki	2	0	0	0	0	0	0	0	2
Meiðyrðamál	8	1	0	0	0	0	0	0	9
Ógilding stjórnarathafnar	26	4	0	0	0	0	0	0	30
Ógildingarmál	33	2	0	0	0	2	0	0	37
Riftun og skuldamál	1	2	1	1	0	0	0	1	6
Riftunarmál þrotabúa	14	2	0	0	0	0	0	0	16
Síjaréttarmál	13	4	0	0	0	1	0	0	18
Skaðabótamál	80	10	0	3	1	2	0	9	105
Skaðabótamál, eignatjón	8	0	0	0	0	0	0	0	8
Skaðabótamál, miski/örorka	65	3	0	0	0	2	0	0	70
Skattamál	18	0	0	0	0	0	0	0	18
Skuldabréfamál	1	0	0	0	0	1	0	0	2
Skuldamál	221	62	5	1	6	8	2	14	319
Vátryggingamál	20	0	0	0	0	0	0	0	20
Vefengingarmál	9	6	0	0	0	1	0	0	16
Verksamningur	6	6	0	0	0	0	0	0	12
Vinnulaunamál	37	17	0	0	0	2	1	7	64
Víxilmál	2	0	0	0	0	0	0	0	2
Önnur mál	50	10	0	0	1	1	1	2	65

Skriflega flutt einkamál


Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda skriflega fluttra einkamála hjá héraðsdómstólunum frá árinu 2000-2016. Oft er þessi tegund mála kölluð útivistarmál eða áritunarmál. Skriflega fluttum einkamálum fækkaði frá árinu 2015, en þau voru samtals 5.260 á árinu 2015 en 4.968 á árinu 2016.

Mynd 24. Þróun fjölda skriflega fluttra einkamála



Á meðfylgjandi mynd má sjá lyktir og málsmeðferðartíma í skriflega fluttum einkamálum, oft kallað áritunarmál. Lyktir skriflega fluttra mála geta verið mismunandi en flestum málanna lýkur með áritun. Hluta málanna er vísað frá dómi, sáttir takast með aðilum eða málin eru felld niður.


Mynd 25. Lyktir skriflega fluttra einkamála og málsmeðferðartími



Sakamál og sundurliðun ákærumála

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda innkominna ákærumála hjá héraðsdómstólunum frá árinu 2000-2016. Fjöldi ákærumála er nokkuð sambærilegur milli ára, hefur þó fjölgað lítillega. Ákærumálin voru samtals 1.914 árið 2016 en voru 1.835 árið 2015.

Mynd 26. Þróun fjölda innkominna ákærumála



Á liðnu ári var embætti sérstaks saksóknara lagt niður og embætti héraðssaksóknara stofnað. Héraðssaksóknari er einn af handhöfum ákæruvalds ásamt lögreglustjórum og ríkissaksóknara en embættið annast saksókn í sakamálum á landsvísu er falla ekki undir aðra handahafa ákæruvalds.

Meðfylgjandi tafla⁸ sýnir fjölda og sundurliðun sakamála eftir ákæranda hverju sinni á árinu 2015 samanborið við árið 2016. Heildarfjöldi sakamála, þar með talin sektarboðsmál, voru 2.438 á árinu 2016 en 2.386 á árinu 2015.

Tafla 5. Fjöldi sakamála og sundurliðun ákærumála


Ákærandi	2015	2016
Ríkissaksóknari	197	248
Héraðssaksóknari/Sérstakur saksóknari ⁹	25	109
Lögreglustjórar	1.649	1.779
Heildarfjöldi ákærumála	1.835	1.914
Sakamál samtals	2.386	2.438

⁸ Í töflu 6. er fjöldi ákærumála sem hafa fengið lyktir innan ársins 2016 en ekki fjöldi inkominna ákærumála. Inni í fjölda talna frá héraðssaksóknara eru líka mál frá embætti sérstaks saksóknara sem var lagt niður í upphafi ársins 2016. Er um að ræða mál sem koma inn seint á árinu 2015 fyrir lagabreytinguna. Á sama hátt eru inni í tölum lögreglustjóra mál sem komu til meðferðar dómstólanna þegar sýslumenn gáfu út ákærun og teljast þau mál inni í fjölda ákærumála frá lögreglustjórum.

⁹ Héraðssaksóknari tók við verkefnum sérstaks saksóknara en inni í þessum tölum eru ákærumál sem lokið er innan ársins 2016.


Á meðfylgjandi mynd má sjá málsmeðferðartíma ákærumála hjá héraðsdómstólunum í samanburði við fjölda innsendra ákærumála, afgreiddra ákærumála og óafgreiddra ákærumála fyrir árin 2000-2016. Héraðsdómstólunum bárust samtals 1.914 ákærumál á árinu 2016 samanborið við 1.833 mál á árinu 2015. Fjöldi óafgreiddra mála í árslok var samtals 449 ákærumál samanborið við 459 óafgreidd mál í árslok 2015. Meðalmálsmeðferðartími ákærumáls hefur styst milli ára, var 89 dagar á árinu 2015 en 80 dagar á árinu 2016.

Mynd 27. Málsmeðferðartími og afgreiðsla ákærumála




Á meðfylgjandi mynd má sjá lyktir ákærumála sem koma frá lögreglunni en flestum málanna lýkur með dómi, sektarboði eða viðurlagaákvörðun.

Mynd 28. Lyktir ákærumála frá lögreglustjóra og málsmeðferðartími



Á meðfylgjandi mynd sjást lyktir ákærumála frá ríkissaksóknara. Flestum málanna lýkur með dómi.


Mynd 29. Lyktir ákærumála frá ríkissaksóknara og málsmeðferðartími



Ágreiningsmál vegna gjaldþrotaskipta

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda ágreiningsmála sem rísa við gjaldþrotaskipti á tímabilinu frá árinu 2000 til 2016. Ágreiningsmálum hefur fækkað verulega milli ára en þau voru 529 árið 2015, en samtals 59 á árinu 2016.


Mynd 30. Þróun fjölda ágreiningsmála vegna gjaldþrotaskipta



Gjaldþrotaúrskurðir

Meðfylgjandi tafla sýnir sundurliðun uppkveðinna gjaldþrotaúrskurða hjá héraðsdómstólunum eftir kyni og lögaðilum á tímabilinu 2002 til ársins 2016. Uppkveðnum gjaldþrotaúrskurðum einstaklinga hefur fækkað á milli ára, frá því að vera samtals 456 á árinu 2015 í það að vera 390 á árinu 2016. Þá hefur gjaldþrotaúrskurðum lögaðila fjölgað frá árinu 2015, þá voru gjaldþrotaúrskurðir lögaðila 595 en voru 1037 á árinu 2016.


Mynd 31. Próun fjölda gjaldþrotaúrskurða



Gjaldþrotaskiptabeiðnir

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda gjaldþrotabeiðna hjá héraðsdómstólunum frá árinu 2000-2016. Beiðnunum fjölgaði frá árinu 2015, úr 2.126 beiðnum í 2.340 beiðnir á árinu 2016.


Mynd 32. Þróun fjölda gjaldþrotaskiptabeiðna



Rannsóknarúrskurðir

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda uppkveðinna úrskurða hjá héraðsdómstólunum á grundvelli rannsóknar sakamáls á tímabilinu 2000 til ársins 2016. Uppkveðnir rannsóknarúrskurðir voru samtals 1.239 á árinu 2016 en 1.129 á árinu 2015.

Mynd 33. Þróun fjölda rannsóknarúrskurða





DÓMSTÓLARÁÐ

Dómhúsinu við Lækjartorg · 101 Reykjavík · sími: 551 2900 · domstolarad@domstolar.is · www.domstolar.is · kt. 410798-3449